

## AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Andakílhrepps, Hálsahrepps, Lundarreykjadalshrepps og Reykholtsdalshrepps.**

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 236/1998, skal vera Borgarfjarðarsveit.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 14. apríl 1999.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Búðahrepps nr. 149/1999.**

1. gr.

5. mgr. 60. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sveitarstjórinn ákveður í samráði við sveitarstjórn hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Búðahrepps hefur gert samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 12. apríl 1999.*

F. h. r.

**Sigríður Lillý Baldursdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## AUGLÝSING

**um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla.**

1. gr.

Með vísan til 21. gr. og 29. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla með áorðnum breytingum, hefur menntamálaráðherra staðfest nýja aðalnámskrá framhaldsskóla, sem tekur gildi frá og með 1. júní 1999.

Starf í framhaldsskólum samkvæmt hinni nýju aðalnámskrá hefst frá og með skólaárinu 1999-2000. Heimilt er þó að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins að láta námskrána koma til framkvæmda frá og með skólaárinu 2000-2001, enda séu fyrir því rökstuddar forsendur í einstökum framhaldsskólum. Aðalnámskrá framhaldsskóla skal vera komin til